

HVAÐ ÉTA VILLTIR FUGLAR?

Fuglategundir eru aðlagðar mismunandi fæðuvali. Sumar eru sérhæfðar fræætur og hafa sterkbyggðan gogg til fræáts. Aðrar eru sérhæfðar skordýraætur og enn aðrar eru meiri alætur.

Þess vegna þýðir ekki að bjóða hvað sem er og mikilvægt að aðlaga matargjafirnar að þeim tegundum sem eru líklegar til að líta við í garðinum. Auk þess er umhverfið á gjafastaðnum líklegt til að takmarka eða opna á fæðugjafir fyrir tilteknar tegundir.

Gott er að hafa í huga að færa gjafastaðina til svo smítalagi milli fugla af völdum sníkjudýra og sjúkdóma sé haldið í lágmarki og gott er að sópa og þrifa fóðurbretti og fuglaböð reglulega.

Skynsamlegt er að fóðra fræætur (snjótittlinga, auðnutittlinga) á öðrum stöðum en t.d. þresti og stara sem velja aðra fæðu.

Fuglategund	Fóður	Aðstaða	Atferli
Snjótittlingur	Maískurl, heilt hveitikorn, fræblanda (Luxus).	Dreifa fóðri á bersvæði/stóra grasflöt eða stórt fóðurbretti á opnum stað.	Koma helst í stórum hópum þegar snjóar og jarðbönn eru í úthaga.
Skógarþröstur Svartþröstur Gráþröstur Stari	Rúsínur, sólblómafrækjarnar, mjölormar, fitukúlur, tólgakönglar, fylltar kókoshnetur, brauð, epli/perur, ber, kjötsag, tólg, smjör, soðið/uppbleytt korn o.fl.	Dreifa fóðri á jörð eða fóðurbretti.	Þrestir og starar eru hálfgerðar alætur meðal fugla en eru minnst fyrir heilt korn. Þrestir eru einfarar og bítast oft sín á milli um matargjafir. Auk þess gefa þeir gjarnan eftir þegar starar mæta á staðinn sem eru hópfuglar og þá er gott að dreifa fóðrinu inn undir runna og á staði þar sem þrestirnir fá frið. Þiggja mjölorma á sumrin og bera jafnvel í ungana. Gott að bleyta þá upp svo þeir fari ekki þurrir í ungana.
Auðnutittlingur Krossnefur Barrfinka	Sólblómafrækjarnar, heilt sólblómafræ, fræblanda (Luxus), maískurl, hirsí, hampfræ, fitukúlur.	Gefa úr fóður-skömmturum eða á fóðurbrettum sem standa í 1,5-2 metra hæð á staur eða hengdir í tré.	Koma gjarnan í litlum hópum og eru nokkurn tíma að finna og aðlagast nýjum gjafastað. Því gildir þrautseigja og að gæta þess að það sé ferskt og gott fóður í boði. Þegar auðnutittlingar hafa vanist nýjum gjafastað eru þeir mjög vanafastir og koma líka að sumarlagi.
Gæsir og endur	Heilt hveitikorn, byggkorn, sólblómafrækjarnar, brauð, ber.	Gefa á bersvæði/opnum svæðum.	Best er að byrja að gefa þessum fuglum á stöðum þar sem þeir eru þegar að venja komur sínar enda eru þeir mjög vanafastir í atferli og setjast ekki í litla húsagarða.
Músarrindill	Þurrkaðir mjölormar, fitukúlur, tólg, hunda/kattamatúr, kjötsag.	Mylja fóður í smáar agnir og bræða saman við tólg sem er svo slett inn í tré og runna.	Músarrindill er ekki algengur í gördum en vanafastur ef hann á annað borð er til staðar. Hann er sérhæfð skordýraæta en þiggur fínt malaða, próteinríka fæðu úr dýraríkinu í bland við tólg/uppbræddar fitukúlur sem slett er á greinar neðarlega í þéttum runnum.
Hrafni	Katta- og hundamatúr, mjölormar, fitukúlur, kjötmeti og innmatúr.	Gefa á opnum svæðum.	Hrafni er var um sig og getur verið lengi að venjast á gjafastaði en fundvís á fæðuuppþrettur og því nokkuð auðvelt að venja hann á matargjafir. Gæta skal þess að matargjafirnar séu ekki að draga að mávager og önnur meindýr.
Silkítoppa Hettusöngvari	Fitukúlur, feitmeti, epli/perur.	Hengja fóðrið í tré og runna.	Silkítoppa er reglubundinn flækingur og sérhæfð berja- og ávaxtaæta sem leitar nánast eingöngu í ferska ávexti og ber. Hettusöngvari er líka algengur flækingur sem sækir í feitmeti og ávexti.